

Edvaldsson o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 13. febrúar 2007

Mál nr. 75252/01

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

9. gr. Hugsana- og samviskufrelsi

10. gr. Tjáningarfrelsi

11. gr. Félagsfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

Félagaskylda. Gjald til stéttarfélaga.

1. Málsatvik

Kærendur, Tommy Edvaldsson (f. 1948), Johan Svahn (f. 1974), Tonnie Hodell (f. 1965), Jonny Lindqvist (f. 1964) og Conny Brandt (f. 1964), eru sænskir ríkisborgarar.

Þeir voru ráðnir til verktakafyrirtækisins LK Mässinteriör AB frá 3. mars til 30. júlí árið 1999. Fyrirtækið var bundið af kjarasamningi sem gerður var á milli stéttarfélags sænskra byggingaverkamanna annars vegar og samtaka sænskra byggingafyrirtækja hins vegar. Þegar kærendur störfuðu hjá fyrirtækinu voru þeir ekki aðilar að neinu stéttarfélagi, en unnu störf sem féllu undir ákvæði kjarasamningsins. Samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins höfðu stéttarfélög heimild til þess að fylgjast með launagreiðslum og áttu rétt á greiðslu vegna kostnaðar þeirra við þetta eftirlit sem staðið skyldi undir með gjaldi sem næmi 1,5% af launum starfsmannanna. Vinnuveitendum var skylt að draga þetta gjald frá launum starfsmanna og greiða stéttarfélaginu auk þess að sjá stéttarfélögunum fyrir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar voru til þess að sinna launaeftirlitinu. Aðeins starfsmenn sem voru félagar í öðrum stéttarfélögum voru undanþegnir þessu gjaldi. Kærendur óskuðu eftir því að vera undanþegnir gjaldinu og vinnuveitandi þeirra framfylgdi þeirri ósk með því að hætta að draga gjaldið af launum þeirra og greiða til stéttarfélagsins og hætta að veita félaginu upplýsingar um launagreiðslur þeirra. Stéttarfélagið krafðist þess að greiðslu gjaldsins yrði haldið áfram.

Ágreiningurinn var lagður fyrir Félagsdóm þar sem samband sænskra byggingafyrirtækja fór fram á að fyrirtækjum væri ekki skylt að innheimta hið umdeilda gjald. Í mars 2001 hafnaði Félagsdómur kröfunni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að þeir væru neyddir til þess að taka þátt í fjármögnun almennrar starfsemi stéttarfélags gegn vilja sínum með svipuðum hætti og sá sem skyldaður væri til þess að vera félagsmaður í félaginu. Þeir töldu þetta brot á 9., 10. og 11. gr. sáttmálans auk 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Þeir töldu sig einnig hafa orðið fyrir mismunun sem færi í bága við 14. gr. sáttmálans þegar staða þeirra væri borin saman við stöðu félagsmanna stéttarfélags byggingaverkamanna annars vegar og stöðu félagsmanna í öðrum stéttarfélögum sem undanþegnir voru gjaldinu hins vegar.

Niðurstaða

Ekki var deilt um að u.þ.b. 30 evrur voru dregnar af launum hvers og eins kærenda til þess að standa straum af kostnaði stéttarfélagsins við launaeftirlitið. Dómstóllinn taldi slíkan frádrátt á launum geta samrýmst „almannahagsmunum” þar sem eftirlitið miðaði að því að vernda réttindi byggingaverkamanna almennt. Jafnframt veitti dómstóllinn því eftirtekt að stéttarfélagið hafði vegna launaeftirlitsins stuðlað að því að laun 250 starfsmanna sem ekki voru félagsmenn í stéttarfélaginu voru leiðrétt árið 1999. Þannig var ljóst að starfsmenn sem ekki voru félagar í stéttarfélaginu nutu ákveðinnar þjónustu þess. Hins vegar taldi dómstóllinn að þessar greiðslur skyldi aðeins nota til þess

að sinna launaeftirlitinu, en ekki í almenna starfsemi félagsins, auk þess sem gera yrði grein fyrir þeim sérstaklega í bókhaldi. Dómstóllinn tók fram að af gögnum málsins yrði ekki ráðið hvort launaeftirlitsgjaldið nýttist í þágu annarra þátta í starfsemi stéttarfélagsins. Dómstóllinn taldi að stéttarfélagið hefði ekki veitt kærendum fullnægjandi upplýsingar um í hvaða kostnaðarliði stéttarfélagsins gjald þeirra hefði farið, en á því hefðu þeir átt rétt, sérstaklega í ljósi þess að greiðslan var í andstöðu við vilja þeirra og til félags sem hefði pólitíska stefnu sem þeir væru andvígir. Jafnframt yrði að telja að sænska ríkið hefði skyldu til þess að vernda hagsmuni kæranda með því að gera stéttarfélög ábyrg gerða sinna í ljósi þess hversu mikið svigrúm til eftirlits og reglusetningar ríkið veitti aðilum vinnumarkaðarins varðandi málefni hans.

Dómstóllinn taldi einróma að launaeftirlitskerfi stéttarfélagsins væri ekki nægilega gegnsætt og að meðalhófs væri ekki gætt við gjaldtökuna þar sem kærendum gafst ekki kostur á að sannreyna hvernig framlag þeirra var nýtt. Þess vegna taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn eignarrétti kæranda samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Með vísan til niðurstöðu sinnar varðandi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans taldi dómstóllinn óþarft að kanna hvort 9., 10., 11. eða 14. gr. sáttmálans hefðu verið brotnar.

Kærendur fengu bætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans. Hver þeirra fékk 5.000 evrur í miskabætur og að auki sameiginlega 87.800 evrur vegna málskostnaðar.